

**Ed.**

**744. Frumvarp**

til laga um lýsismat.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Allir þeir, sem lýsi selja eða senda úr landi frá kaupstöðum eða lög-  
giltum kaupsíðum, skulu eiga kost á að fá það flokkað og metið af lögskipuðum  
matsmönnum.

2. gr.

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, eftir því sem þörf krefur, og rita þeir  
undir eiðstaf, er stjórnarráðið fyrirskipar. Áhöld til lýsissóknna og merkingar  
leggur landsstjórnin til.

Matsmenn skulu jafnan gefa vottorð um skoðunina, og eru þau vottorð  
sönnun þess, að lýsið sje rjett flokkað og merkt.

3. gr.

Kostnaður við lýsismat greiðist af þeim, er mats óska, eftir sömu reglum  
sem kostnaður við fiskimat. Nánari reglur um tilhögun matsins, flokkun og  
merkingu lýsisins ákveður stjórnarráðið eftir tillögum Fiskifjelags Íslands.